



Skotíþróttaping Skotíþróttasambands Íslands 31. mars 2007.

Pingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fundargerð:

Pingsetning:

Formaður STÍ, Steinar Einarsson, setur pingið og býður þingfulltrúa velkomna á þing sambandsins.

Kosning Kjörbrefanefndar:

Tillaga er um :

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Guðmundur Brynjarsson, SA
Árni Pálsson, SK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þingforseta og þingritara.

Tillaga eru um Axel Sölvason sem þingforseta og Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur við stjórn þings, þakkar traustið sem honum er sýnt og býður þingheim velkominn.

Kosning starfsnefnda þingsins.

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi í starfsnefndir þingsins:

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Steinar Einarsson, SFK
Jónas Sigurðsson, SFS

Laganefnd:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Kári Grétarsson, SÍH
Jóhann Norðfjörð, SFS

Allsherjarnefnd:

Halldór Axelsson, SR
Björn Snær Guðbrandsson, SA
Steindór Hr. Grímarsson, SFK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Formaður STÍ, Steinar Einarsson flytur skýrslu stjórnar:

Ársskýrsla Skotíþróttasambands Íslands keppnisárið 2006

Kæru félagar.

Ég býð ykkur öll velkomin á 28 skotþing Skotíþróttasambands Íslands. Einnig býð ég velkomna gesti okkar frá ÍSÍ, þá Ólaf Rafnsson nýkjörinn forseta ÍSÍ og Friðrik Einarsson okkar tengilið við framkvæmdastjórn.

Síðasta ár var viðburðaríkt og hefur stjórnin komið saman margsinnis á árinu.

Fimm Íslandsmet hafa verið sett á árinu, 1 í þríþraut, 3 í loftbyssugreinum og 1 í Skeet.
1.apr. setti Guðmundur Helgi Christensen úr SR, nýtt glæsilegt Íslandsmet í Þríþraut með ríffli, 1096 stig.

22.apr. voru þrjú Íslandsmet bætt á Íslandsmótinu í Loftbyssugreinunum.
Guðmundur Helgi Christensen úr Skotfélagi Reykjavíkur setti met í Loftríffli bæði með og án úrslita, 566 stig og 657,9 með final.
Kona hans, Jörunn Harðardóttir úr sama félagi setti met í samanlögðu í Loftríffli, 454,3 en gamla metið var 441,3 stig.

23.apr. Setti Sigurþór Jóhannsson úr SÍH nýtt Íslandsmet í skeet. Hann setti það á Grand Prix mótinu á Bisley í Englandi og náði þar einum besta árangri Íslendingis í skeet á alþjóðavettvangi til margra ára. Hann komst í final sem 6 maður en skaut sig upp í 3.sæti með 25 dúfum. Samtals var hann með 140 stig.

Fyrsta dómaramámskeið STÍ var haldið 1.apr. , en Ívar Erlendsson, alþjóðlegur dómari STÍ sá um kennsluna. Að loknu námskeiðinu tóku þátttakendur próf í námsefninu og útskrifuðust sem héraðs- eða landsdómarar.

Hannes Tómasson varð Íslandsmeistari í loftskammbyssu í karlaflokki,
Ásgeir Sigurgeirsson Íslandsmeistari í unglingsflokki,
Jörunn Harðardóttir Íslandsmeistari í kvennaflokki
og sveit Skotfélags Reykjavíkur með þá Hannes Tómasson, Guðmund Kr. Gíslason og Gunnar Þ. Hallbergsson innanborðs sigraði lið lögreglunnar naumlega.

Á Íslandsmótinu í 60sk liggjandi ríffli (enskum ríffli) varð Guðmundur Helgi Christensen úr Skotfélagi Reykjavíkur, Íslandsmeistari á 576 stigum,
í öðru sæti varð Eyjólfur Óskarsson úr sama félagi á 575 stigum
og í því þriðja varð Hafsteinn Pálsson úr Skotfélagi Kópavogs á 571 stigi.

Innigreinatímabilinu lauk 2.maí. með minngarmótinu um Hans Christensen í Egilshöll. Ásgeir Sigurgeirsson vann í loftsk. með 553 stigum og Jörunn Harðardóttir í loftr. Með 557 stig

Íslandsmótið í Skeet var haldið 23.júl. og varð Örn Valdimarsson úr Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar Íslandsmeistari.

Þrjú keppendur í Skeet fóru 9.jún. til keppni í Suhl. Örn skaut alls 108 dúfur, Gunnar skaut alls 106 dúfur og Sigurþór endaði á104 dúfum.

12.ág.2006 varð Sigurþór Jóhannesson Bikarmeistari STÍ annað árið í röð.

Á Norðurlandamótinu í Kaupmannahöfn, 10.sep. lenti Ásgeir Sigurgeirsson í 4.sæti á 553 stigum. Hann gat þó ekki tekið þátt í úrslitum "final" þar sem hann var gestur á mótinu.Hann var kominn rétt yfir aldurstakmörk.

Til gamans má geta þess að Ásgeir skaut fyrr í þessum mánuði 572 stig á Evrópumótinu í loftbyssugreinum og munaði 4 stigum að hann jafnaði Íslandsmetið. Hann skaut vel yfir Ólympíulágmark sem er 563 stig og hefur því góða möguleika á að keppa á Ólympíuleikunum á næsta ári. Þetta er í fyrsta skipti sem Ásgeir keppir á svona stóru alþjóðlegu móti.

Á sama tíma og Ásgeir var að keppa í Kaupmannahöfn var haldinn aðalfundur NSR. Þar voru m.a. samþykktar nýjar reglur um Nordisk Trap og 100mtr Running Target með stórum rífflum allt að 8mm. Einnig var gengið frá því að næsta NM unglunga verður haldið í Svíþjóð á árinu 2008 en nákvæmari tímasetning liggur ekki fyrir. Nýr formaður NSR er Kerstin Bodin, formaður sænska skotsambandsins.

Einnig var farið á aðalfund ISSF 29. júlí, sem haldinn var samhliða heimsmeistarmóti í skotfimi í Zagreb í Croatíu. Þar kom fram að skotfimi er 3 vinsælasta einstaklingsíþróttin í heiminum í dag á eftir frjálsum íþróttum og sundi. Í ISSF eru 141 land skráð með 154 sambönd og í sjöðum ISSF eru til 7.000.000.00 usd.

Í hófi ÍSÍ og samtaka íþróttafréttamanna sem haldið var 28.des.2006, var tilkynnt um val STÍ á íþróttamönnum ársins úr röðum skotmanna.

Í karlaflokki varð fyrir valinu Sigurþór Jóhannesson, haglabyssuskytta úr Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

Sigurþór varð eins og áður segir, Bikarmeistari Skotsambandsins á árinu en þann titil hlýtur sá sem bestum árangri nær á mótum ársins hér innanlands. Hann náði í tvisgang meistaraflöksárangri á árinu en það jafngildir Ólympíulágmarki í hans grein. Hann er í landsliðshópi

Íslands sem keppti á árinu á heimsbikarmóti í Þýskalandi. Hápunkti tímabilsins náði hann á stórmóti á Bisley í Englandi þar sem hann vann til bronsverðlauna, náði jafnframt meistaraflokksárangri og setti nýtt Íslandsmet.

Í kvennaflokk varð fyrir valinu Jórunn Harðardóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur, en hún er jafnvíg í skotfimi með loftríffli sem og loftskammbyssu sem er afar sjaldgæft að skotmenn hafi. Hún vann til allra þeirra verðlauna sem í boði voru hérlendis í hennar greinum, varð Íslandsmeistari í loftríffli sem og í loftskammbyssu

Unnið hefur verið að gerð kynningarbæklings á vegum stjórnar STÍ. Guðmundur Kr. hefur átt veg og vanda að uppsetningu hans eins og flestu öðru sem stjórnin gerir og er bæklingurinn væntanlegur innan skamms. Styrkur fékkst til útgáfunnar og verður vandað til bæklingsins sem verður í A5 broti.

STÍ fékk bréf frá framkvæmdastjórn ÍSÍ varðandi nánari tengsl við framkvæmdastjórn.

“Í fyrsta lagi að tengja framkvæmdastjórnarmenn betur við starfsemi sambandsaðila. Þetta gerum við með því að hver og einn framkvæmdastjórnarmaður (einnig varastjórn) hefur fengið úthlutað 4-6 sambandsaðilum til að hafa sem tengiliði. Markmiðið er að byggja upp öflugra upplýsingastreymi um starfsemi viðkomandi sambands og koma jafnframt á framfæri upplýsingum frá ÍSÍ. Þarna er að sjálfsögðu jafn mikilvægt að sambandsaðilar sjálfir hafi samband við sína tengiliði og ÍSÍ eins og að ÍSÍ og framkvæmdastjórnarmenn hafi samband við sambandsaðila. Áhersla er lögð á að hér eru engar kvaðir á sambandsaðila, en við vonumst til þess að þessi tilraun mæti skilningi og verði til góðs.

Þetta mun ekki breyta því að Forseti og framkvæmdastjóri munu hér eftir sem hingað til tilheyra öllum sambandsaðilum og munu mæta á þing og fundi sem víðast, allt eftir verkefnum og álagi hverju sinni.

Í öðru lagi er ætlunin að opna umræðu um afmarkað málefni á 4-6 vikna fresti með netpósti. Kostur við þetta samskiptaform er að menn geta svarað þegar þeim hentar, og ráða þá hvort svarið yrði bara sent til sendanda (hér stjórnar ÍSÍ) eða til allra viðtakenda. Í vissum tilvikum er jafnframt unnt að þrengja eða vikka viðtakendahópin eftir viðfangsefninu.”

Við hjá STÍ fengum sem okkar tengilið Friðrik Einarsson. Við buðum honum á stjórnarfund til að kynna honum hin ýmsu atriði varðandi skotfimi. Friðrik sat með okkur hádegisfund og vonum við að þessi tengsl leiði af sér góða hluti fyrir alla aðila.

Stjórn STÍ hefur ákveðið að taka þátt í sýningu sem haldin verður í Smáralind 5 og 6 maí næstkomandi. Þar munum við kynna skotsambandið og skotíþróttina og um leið leyfa gestum að skjóta í tölvuhermi.

Stjórn STÍ vill minna aðildarfélögin á að undirstaða rekstrar áhugamáls okkar er starfsemi www.lotto.is og www.ix2.is en án þeirra værum við ekki þar sem við erum stódd í dag. Áriðandi er því að ÖLL aðildarfélög STÍ tali fyrir skynsamlegri þátttöku allra í þessum fjárfloðnum íþróttahreyfingarinnar í landinu. Hvetjum við félögin til að setja upp tengla á heimasíðum sínum, sem vísa á lottó og 1x2. Afrita má lögöin sem eru á heimasíðunni eða hafa samband við okkur og þá fáið þið þau send um hæð. Eins hvetjum við félögin til að nota þessi lögó sem víðast t.d. á bréfsfni, mótaskrárm og öðrum gögnum sem félögin gefa út.

Halldór Axelsson mun hér á eftir fara nánar út í haglagreinarar og skýra frá alþjóðlegum mótum sem framundan eru. Það er von okkar í stjórninni að keppendum í skeet gangi vel á þeim mótum en þar er möguleiki að ná Ólympíulágmarki.

Ég vill þakka stjórninni fyrir vel unnin störf og ég vil þakka ykkur líka fyrir góða samvinnu á síðastliðnu ári og vona að svo verði áfram.

Halldór Axelsson stjórnarmaður STÍ fer yfir starfið á sl. misseri í Skeet. Hann ræðir framtíðaráform um keppnir íslendinga á erlendri grund og leggur áherslu á að það sé mikil vinna framundan fyrir þá sem koma að þjálfun og skipulagningu í framtíðinni í þessari íþrótt.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum.

Kjörbréf aðildarfélagana eru lesin upp af formanni nefndarinnar, Hilmarí Ragnarssyni SR.

- Formaður kjörbréfanefndar lýsir kjörbréfin lögleg.

Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar.

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri STÍ tekur til máls og gerir grein fyrir reikningum sambandsins. Fram kemur m.a. að heildartekjur STÍ urðu 3,4 milljónir á árinu en rekstrargjöld tæpar 2,8 milljónir og varð því hagnaður sambandsins um 640 þús. Fram kemur að fjárhagsáætlun fyrir árið gerði ráð fyrir hagnaði uppá 620 þús.

Þingforseti ber reikningana upp til samþykkis:

- Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár:

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun stjórnar og hljóðar hún þannig að rekstrargjöld eru áætluð um 4,4 milljónir en rekstrartekjur 4,6 milljónir og er því áætlun um 200 þús.kr. hagnað.

- Þingforseti vísar tillögunni til fjárhagsnefndar sem þingskjal nr. 1.

Þingforseti býður gesti þingsins velkomin.

Gestir þingsins eru þau Ólafur Rafnsson forseti Ólympíu- og Íþróttasamband Íslands, Friðrik Einarsson tengiliður STÍ við íþróttahreyfinguna og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, bæði úr Framkvæmdarstjórn ÍSÍ.

Þingforseti gefur Ólafi Rafnssyni orðið.

Ólafur tekur til máls og færir þingheimi kveðjur Ólympíu- og Íþróttasambandsins. Hann lýsir í stuttu máli störfum sínum sem forseta ÓI- og Íþróttasambandsins sl. ár, sem hann hefur gengt því embætti. Hann segir það hafa komið sér á óvart hve skotíþróttin sé útbreydd á heimsvísu, eins og kom fram í skýrslu stjórnar. Hann segir upplýsingastreymi STÍ inn í íþróttahreyfinguna með ágætum og einnig að reikningar sambandsins séu ábyrgir og reksturinn einnig. Hann tekur einnig fram að formaður og gjaldkeri STÍ séu góðir fulltrúar skothreyfingarinnar út á við. Hann ræðir um samninga íþróttahreyfingarinnar við ríkisvaldið um fjármagn og talar um að það sé oft erfiðara að útdeila því fé sem fæst en að afla þess. Þá ræðir hann útbreiðslu skotíþróttarinnar og að Steinar og Guðmundur hafi þegar kynnt stefnu STÍ fyrir Ólympíu- og Íþróttasambandinu. Ólafur minnir á nýkomna skýrslu um að íþróttahreyfingin skili meiri verðmætum til ríkisins en hún fái í styrki og hvetur þingheim að kynna sér það mál nánar. Þá tekur Ólafur fram að það sé mikilvægt að aðildarfélögin standi við bakið á stjórn STÍ, því það sé mikilvægt atriði til að efla starfið. Hann ræðir einnig um heimasíðu sambandsins og telur hana skila góðum fréttum af starfinu, stuttum, greinagóðum og hnitmiðuðum. Ólafur ræðir um áhuga sinn á að kynnast af eigin raun starfinu hjá STÍ með því að koma í heimsókn á æfingastað og reyna hæfni sína í skotfimi. Þá ræðir hann um væntanlega Smáþjóðaleika og kveðst ætla að fylgjas með skotgreinunum sem verður kepp í á leikunum. Ólafur lýkur máli sínu og óskar STÍ velfarnaðar í framtíðinni.

Friðrik Einarsson tekur til máls og kynnir hlutverk sitt sem tengilið sambandsins og samskipti í framtíðinni. Hann segist hlakka til að prófa skotíþróttina og segir það hafa einnig komið honum á óvart hve útbreydd hún sé í heiminum. Þá tekur hann einnig fram að það hafi komið sér sérstaklega á óvart hve margir keppi í skotgreinum á Ólympíuleikum. Friðrik segir ÍSÍ vera til þjónustu fyrir sérsamböndin og ræðir feril sinn innan íþróttahreyfingarinnar. Hann segist koma úr skíðaíþróttum og hann hafi haft áhuga á að kanna möguleikana á að koma upp skíðaskotfimi hér á landi. Þá ræðir Friðrik þann fjölda verkefna sem framundan eru hjá STÍ.

Friðrik lýkur máli sínu og óskar STÍ góðs gengis í framtíðinni.

Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.

Tillaga um breytingu á 4.grein laga STÍ, a og c-lið

Greinin hljóðar svo:

Starf STÍ er í meginatriðum:

- a) að hafa með höndum yfirstjórn skotíþróttar sem iðkaðar eru skv. reglum ISSF.
- b) að vinna að eflingu skotíþróttarinnar.
- c) að vera málssvari hvað varðar skotíþróttir sem iðkaðar eru skv. reglum ISSF.

Breytist í :

Starf STÍ er í meginatriðum:

- a) að hafa með höndum yfirstjórn skotíþróttar sem iðkaðar eru skv. reglum ISSF, ESC og NSR
- b) að vinna að eflingu skotíþróttarinnar.
- c) að vera málssvari hvað varðar skotíþróttir sem iðkaðar eru skv. Reglum ISSF, ESC og NSR.

Greinargerð:

STÍ hefur eftir samstarf sitt við Norðurlandasambandið, NSR, til muna og þegar tekið upp skotgrein sem er eingöngu stunduð innan raða NSR, "Nordisk Trap". Á þessu þingi liggur einnig fyrir tillaga um að taka upp innan STÍ keppni og æfingar í "100 metra Running Target" sem er orðin löggilt grein innan NSR. Evrópusambandið er svo álfusamband okkar sem er rétt að tillata sérstaklega innan laga STÍ sem samstarfssamband.

- Þingforseti vísar tillögunni til Laganefndar sem þingskjali nr. 2

Þingforseti kynnir tillögur um inntöku nýrra skotgreina í STÍ.

Tillögur sem liggja fyrir þinginu:

Lagt er til að stjórn STÍ sé falið að vinna að því að tekin verði upp ný skotgrein innan sambandsins, "100m Running Target"

Greinargerð:

Þessi grein er sem stendur ekki á lista STÍ yfir keppnisgreinar en ljóst er að áhugi á henni er víða til staðar.

Greinin er ein þeirra sem hefur verið keppt í á Norðurlandamótum og því okkar hlutverk að hlúa að henni hér á landi og eins til að auka flórana í ríffilskotfimi.

Á síðasta fundi NSR, Norðurlandasambandsins, var samþykkt að samræma reglur, á enskri tungu, um þessa grein milli allra aðildarþjóðanna, því ljóst er að hún á vaxandi vinsældum að fagna og landskeppnir hafnar.

Legg ég því til að þessi grein verði tekin inn í STÍ, og strax og samræmdar reglur verða tilbúnar, að taka up mótahald í samráði við félögin sem aðstöðu hafa. Sænska skotsambandið hefur samræminguna á sinni könnu og er búist við tillögum með vorinu.

Flutningsmaður er Guðmundur Kr. Gíslason

Guðmundur ræðri lauslega um uppsetningu greinarinnar á skotsvæði og vísar á frekari upplýsingar um íþróttina á heimasíðu sambandsins.

- Þingforseti vísar tillögunni til Alsherjarnefndar sem þingskjali nr. 3

Lagt er til að stjórn STÍ taki inn nýja skotgrein Pratical Shooting

Greinargerð:

Þessi skotgrein hefur verið stunduð hér á landi til margra ára hjá Skotfélagi Kópavogs innandyra og utandyra. Virðingarfyllst formaður Skotfélags Kópavogs Steindór Hr. Grímarsson

- Þingforseti vísar tillögunni til Alsherjarnefndar sem þingskjali nr. 4

Lagt er til að stjórn STÍ taki inn nýja skotgrein Silhouette.

Greinargerð:

Þessi skotgrein hefur verið stunduð hér á landi til margra ára hjá Skotfélagi Reykjavíkur í Leirdal og síðastliðinn tvö ár hefur hún verið stunduð hjá Skotfélagi Kópavogs innandyra.

Það hefur verið góð ástundun í þessari grein og það geta öll skotfélög farið að stunda hana með litlum tilkostnaði.

Virðingarfyllst formaður Skotfélags Kópavogs Steindór Hr. Grímarsson

- Þingforseti vísar tillögunni til Alsherjarnefndar sem þingskjali nr. 5

Tillaga um kærugjald

Tillaga frá stjórn STÍ um að kærugjald samkvæmt 12.grein laga STÍ fylgi reglum Alþjóða Skotsambandsins, ISSF.

Þar er kærugjald þannig:

Fyrir kæru (protest) US\$ 25

Fyrir áfryjun (appeal) US\$ 50

Gengi Seðlabanka Íslands þann dag sem kæra er lögð fram, gildir við uppgjör.

- Þingforseti vísar tillögunni til Allherjarnefndar sem þingskjali nr. 6
- Þingforseti tilkynnir Þinghlé og að starfsnefndir þingsins skuli taka til starfa.

Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir störfum Fjárhagsnefndar

Nefndin leggur til að tillaga um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, þingskjal nr. 1, verði samþykkt óbreytt.

- Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða.

Hilmar Ragnarsson gerir grein fyrir störfum laganeftardar.

Nefndin leggur til að tillaga um lagabreytingu á 4. grein laga STÍ, a- og c-lið á þingskjali nr. 2, skuli samþykkt óbreytt.

- Tillagan er er borin upp til samþykkis og er hún samþykkt samhljóða

Halldór Axelsson gerir grein fyrir störfum Alsherjarnefndar.

Nefndin leggur til að tillagan um Running Target verði samþykkt óbreytt.

- Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða.

Halldór Axelsson greinir frá því að tillögum á þingskjali nr. 4 og nr. 5 hafi verið dregnar til baka og væntanleg verði þær lagðar fram á næsta þingi.

Halldór Axelsson tilkynnir að nefndin leggi til að tillaga um kærugjald á þingskjali nr. 6 verði samþykkt óbreytt.

- Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða.

Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins í varastjórn.

Tillaga er um eftirfarandi:

Tillaga er um Steinar Einarssonum sem formann STÍ til eins árs

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Tillaga um tvo stjórnarmenn og eins til vara.

Halldór Axelsson, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára
Kjartan Friðriksson, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára
Páll Reynisson, SFS, tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Afram sitja:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR, aðalstjórn
Jóhann Norðfjörð, SFS, aðalstjórn
Jón S. Ólason, SKA, varastjórn

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga um Skoðunarmenn reikninga:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Jónas Hafsteinsson, ÍFL

Varamenn:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
Hannes Haraldsson, SFK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þriggja manna í mótanefnd STÍ og þriggja til vara.

Tillaga um Mótanefnd:

Guðmundur Kr Gíslason, SR
Jóhann Norðfjörð, SFS
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Kári Grétarsson, SÍH
Steindór Hr. Grímarsson, SFK
Guðmundur H. Brynjarsson, SA

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þriggja manna í dómaranefnd STÍ og þriggja til vara.

Tillaga um Dómaranefnd:

Ívar Erlendsson, SÍH
Steinar Einarsson, SFK
Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Varamenn:

Halldór Axelsson, SR
Áki H. Garðarsson, SA
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þriggja manna í aganefnd STÍ og þriggja til vara.

Tillaga um Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA
Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Einar Guðmann, ÍSA
Guðmundur H. Brynjarsson, SA
Páll Reynisson, SFS

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þriggja manna í ritnefnd STÍ og þriggja til vara.

Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Einar Guðmann, ÍSA
Kjartan Friðriksson, SR
Varamenn:
Bragi Þór Jónsson, SR
Örn Valdimarsson, SÍH
Halldór Axelsson, SR

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Liðurinn um kosningu fulltrúa á ÍSÍ - þing fellur niður þar sem ekkert þing er á næsta ári.

Önnur mál.

Steinar Einarsson tekur til máls og veitir viðurkenningar fyrir íslandsmet sem sett voru á sl. ári. Sigurþór Jóhannesson SÍH fær viðurkenningu fyrir íslandsmet í Skeet, Jórunn Harðardóttir SR fær viðurkenningu fyrir íslandsmet í loftrifli kvenna og Guðmundur Helgi Christensen SR fær viðurkenningu fyrir íslandsmet í loftrifli karla.

Hilmar Ragnarsson formaður SR tekur til máls og þakkar stjórn STÍ góð störf á liðnu ári.

Kári Grétarsson SÍH spyr um skattlagningu skotvopna þegar farið er úr landi vegna keppni á erlendri grund.

Steinar Einarsson svarar því til að hann hafi þegar lagt fram mótmæli við þessum skatti, sem fer í gegnum ÍSÍ, og að hann vonist til að stjórnvöld leggi hann af.

Guðmundur Kr. Gíslason tekur til máls og minnir þingheim á reglubók ISSF, sem allir keppendur eigi að hafa til taks í keppnum og að þeir þurfa að kunna reglur viðkomandi keppnisgreina sem þeir taki þátt í hverju sinni. Einnig minnir hann á merkin á Skeet-vestin sem allir skotmenn þurfa að hafa á réttum stað á vestum sínum.

Steinar Einarsson tekur til máls og kynnir lauslega tölfraði um ástundun skotíþróttarinnar, sem hann segir meira til fróðleiks en að þetta séu sérstök vísindi. Hann hvetur aðildarfélagin til að leggja áherslu á að fjölga þátttakendum á landsmótum STÍ. Þá þakkar Steinar fyrir traustið sem honum var sýnt með kjöri til formans STÍ og þingheimi fyrir gott þing. Hann þakkar fráfarandi stjórn samstarfið og býður nýja stjórn velkomna til starfa.

Axel Sölvason þingforseti tekur til máls, þakkar þingheimi einstaklega góða þingsetu og óskar stjórn STÍ og aðildarfélagunum velfarnaðar á komandi árum.

- Þingforseti lýsir þingi slitið.

Þingritari:

Þingforseti:
